



Knattspyrnudeild Víkings R.
Heimir Gunnlaugsson, formaður
Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 11. júní 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Breiðabliks og Víkings R. þann 30. maí 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 11. júní, var tekið fyrir mál vegna skýrslu eftirlitsmanns KSÍ á leik Breiðabliks og Víkings R. í Bestu deild karla sem fram fór þann 30. maí sl. Með vísan til ákvæðis 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti.

Með hliðsjón af skýrslu eftirlitsmanns í framangreindum leik, taldi aga- og úrskurðarnefnd að þau atvik sem lýst er í skýrslunni gætu varðað við ákvæði 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10. laga KSÍ. Þá leit nefndin svo á að framkoma af hálfu leikmanns, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við 13. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá knattspyrnudeild Víkings R. áður en málið yrði tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar þriðjudaginn 11. júní. Skýrsla eftirlitsmanns er eftirfarandi:

„Varðandi framkomu aðkomuliðs gerðist leikmaður nr. 19 sekur um að kasta vatnsbrúsa sem hann tók upp við hlaupabraut í stuðningsmenn heimaliðs sem voru uppi í stúkunni. Atvikið átti sér stað að leik loknum og leikmenn á leið til búningsklefa. Atvik átti sér stað er aðkomulið jafnaði leikinn að áhangendur Víkinga kveiktu í bengal blysi og vörpuðu úr stúkunni. Ekki er hægt að horfa framhjá því hversu hættuleg slík blys eru og geta hæglega myndað alvarlegan eld.“

Niðurstaða:

Í samræmi við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10 laga KSÍ, skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ. Ber sérhvert aðildarfélag þannig hlutlæga ábyrgð á framkomu m.a. stuðningsmanna sinna og getur hlotið viðurlög í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða lög KSÍ.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 11. júní lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild Víkings R. vegna málsins sem barst nefndinni þann 10. júní. Í greinargerð félagsins kom m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Hvað varðar blys stuðningsfólks, þá skal það tekið fram að Knattspyrnudeild Víkings hafði enga aðkomu að skipulagningu leiksins. Knattspyrnudeild Víkings hefur ekki séð myndir eða myndbönd af atvikinu og getur því ekki tjáð sig um það, en tekið skal fram að mörg tilvik hafa komið upp hér á landi þar sem kveikt

hefur verið á blysum og virðist það háð geðþótta eftirlitsmanna hvort slík tilvik rati í skýrslu þeirra að leik loknum eða séu tekin upp hjá aga- og úrskurðarnefnd. Knattspyrnudeild Víkings telur ekki sanngjarnt né eðlilegt að félagið hljóti sekt fyrir háttsemi á útivelli sem félagið hefur enga stjórn á og hefði mátt koma í veg fyrir með fullnægjandi gæslu á vellinum.“

„[...]Þegar gengið var til búningsklefa að leik loknum var ókvæðisorðum beint að Danijel og hann brást við með því að taka upp tóman vatnsbrúsa af hlaupabraut vallarins. Hann reyndi að skvetta úr honum en þar sem ekkert vatn var í honum henti hann honum með létttri hreyfingu upp í stúku þar sem stuðningsfólk Breiðabliks var. Eins og sést á myndbandinu voru þar fullorðnir menn, sem eru mun eldri en Danijel, og höfðu þeir kallað að honum hinum ýmsu orðum sem verða ekki höfð eftir hér. Einn einstaklingur fékk tóman vatnsbrúsann í derhúfu sína og var augljóslega ekki meint af, því á myndbandinu sést hann hlæja að atvikinu. Danijel sér eftir atvikinu og veit sem er að auðvitað á hann ekki að bregðast við áreiti stuðningsfólks með þessum hætti.“

Að teknu tilliti til greinargerðar Víkings R. og annarra fyrirliggjandi gagna er það álit aga- og úrskurðarnefndar að framkoma áhorfenda Víkings R. sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns á leik liðsins við Breiðablik hafi verið vítaverð og hættuleg öðrum áhorfendum á leiknum. Samkvæmt því fellur framkoma áhorfenda Víkings R. undir grein 13.9.d) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Með vísan til þessa hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið að sekta knattspyrnudeild Víkings R. um kr. 50.000,-.

Hvað varðar framkomu leikmanns Víkings R., Danijel Dejan Djuric, sem lýst er í fyrirnefndri skýrslu eftirlitsmanns, er það mat aga- og úrskurðarnefndar að framkoma leikmanns hafi verið alvarleg og óíþróttamannsleg. Hefur nefndin því ákveðið, með vísan til ákvæða 13.9.f) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og grein 44.2 c) laga KSÍ að úrskurða Danijel Dejan Djuric, leikmann Víkings R. í mfl. karla, í tveggja leikja bann í Íslandsmóti. Leikbann Danijel Dejan Djuric tekur gildi kl. 12 á morgun miðvikudag 12. júní 2024, sbr. grein 9.2.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Víkings R. skal sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 50.000,- til KSÍ. Danijel Dejan Djuric leikmaður mfl. karla hjá Víkingi R. skal sæta leikbanni í tvo leiki í Íslandsmóti KSÍ.

Virðingarfyllst,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson